



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### *Vetrargarður í Breiðholti*

Á fundi borgarráðs þann 10. júní 2021 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 8. júní 2021, samþykkt, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að þróa Vetrargarð í Breiðholti, fjölskylduvænt svæði fyrir iðkun vetraríþróttar þar sem einkum er horft til byrjenda og barna. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að vinna nánari útfærslu að Vetrargarði í Breiðholti á grunni fyrirliggjandi frumathugunar.

Það tilkynnist hér með.  
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í Vetrargarðinum verður áhersla lögð á fjölskylduvænt svæði fyrir iðkun vetraríþróttar og verður einkum horft til byrjenda og barna. Með tilkomu snjóframleiðslu á svæðinu og þurrskíðabraut má gera ráð fyrir því að hægt verði að taka á móti hópum allt árið um kring. Gert verði ráð fyrir því að svæðið verði mótað þannig að það henti sem best til skíðaiðkunar. Auk þess verði gert ráð fyrir þurrskíðabrekku og túbubraut nyrst á svæðinu sem nýtast allt árið um kring og gönguskíðaleið ofan Seljahverfis. Þjónustubygging verður staðsett efst á hæðinni en þar er víðsýnt yfir borgina. Samhliða uppbyggingu vetraríþróttar verður gert ráð fyrir leikaðstöðu inn á svæðinu auk þess sem fjallahjólabrautir verða lagðar um svæðið. Í jöðrum svæðisins og við skíðabrekkur verður lögð áhersla á trjárækt til skjólmyndunar og snjósöfnunar.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja tillöguna með fyrirvara um að lega Vetrargarðsins verði ekki ákveðin þannig að þrengt verði að nærliggjandi

samgöngumannvirkjum eða betrubótum á þeim.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Þetta eru án efa athyglisverðar hugmyndir, gert er ráð fyrir þurrskíðabrekku og túbubraut nyrst á svæðinu sem nýtast allt árið og gönguskíðaleið ofan Seljahverfis. Fulltrúi Flokks fólksins hefur bent á að hraðbrautin frá Kópavogi og yfir í Breiðholtsbraut spillir þessum hugmyndum. Hvernig getur gönguskíðaleið legið ofan Seljahverfis? Vetrargarðurinn er skipulagður á horni gatnamóta tveggja stofnbrauta, sem verða með samtals 10 akreinar. Eins og 3. kafli Arnarnesvegur er skipulagður í dag verður hann 4 akreinar ásamt stóru hringtorgi og mun liggja alveg upp við topp Vetrargarðsins. Umhverfismatið sem vegafarmkvæmdin er byggð á er frá 2003. Það verður að meta aftur hvaða áhrif þessi vegalagning mun hafa á Vetrargarðinn áður en farið er í frekari framkvæmdir. Það er ógn við lýðheilsu barna að þau séu að stunda áreynsluþróttir við stórar stofnbrautir. Börnin verða að fá að njóta vafans. Þjónustubygging á að vera efst á hæðinni en þar er víðsýnt yfir borgina. Fulltrúi Flokks fólksins og Vinir Vatnsendahvarfs hafa talað um þennan stað sem einstakan útsýnisstað en hann er úr sögunni ef hraðbrautin verður lögð. Arnarnesvegur þrengir mjög að Vetrargarðinum og af honum mun hljótast hávaða-, sjón- og efnamengun sem fellur illa að stað þar sem margir koma saman, þar með fjölda barna.



Helga Björk Laxdal  
e.u.

Afrit:  
Umhverfis- og skipulagssvið